



4. fundur aðalstjórnar Umf. Selfoss

haldinn í Tíbrá miðvikudaginn 7. desember 2016 kl. 18:00.

Mætt eru: Guðmundur Kr. Jónsson (GKJ) formaður, Hjalti Þorvarðarson (HP), Jóhann Helgi Konráðsson (JHK), Sverrir Einarsson (SE), Viktor S. Pálsson (VSP), Þóra Þórarinsdóttir (ÞÞ), Helgi Sigurður Haraldsson (HSH), Magnús Matthíasson (MM), Þórdís Raket Hansen (PRH), Adólf Ingvi Bragason (AIB), Magnús Ragnar Magnússon (MRM), Guðmundur Pálsson (GP), Ófeigur Ágúst Leifsson (ÓÁL), Gissur Jónsson (GJ) framkvæmdastjóri sem ritar fundargerð og Aðalbjörg Skúladóttir (AS) bókarí.

Enginn boðaði forföll.

Áður en gengið var til dagskrár tók Guðmundur Karl Sigurdórsson ljósmyndir af aðalstjórn og starfsmönnum aðalstjórnar sem klæddust vínrauðum peysum frá Jako, samstarfsaðila Umf. Selfoss.

1. Fundargerð aðalstjórnar

- 3. fundargerð aðalstjórnar frá 5. október 2016 samþykkt.
 - Boðaður fundur í nóvember féll niður þar sem meirihluti stjórnarmanna var fjarstaddur.

2. Fundargerðir framkvæmdastjórnar

- 5. fundargerð framkvæmdastjórnar frá 19. október 2016 til umræðu.
 - Skyndihjálparnámskeið fyrir alla þjálfara Umf. Selfoss verður haldið í febrúar.
- 6. fundargerð framkvæmdastjórnar frá 30. nóvember 2016 til umræðu.
 - Fram kom hvatning til framkvæmdastjóra að senda fundargerðir framkvæmdastjórnar á formenn deilda um leið og þær liggja fyrir.

3. Erindi um að endurvekja lyftingadeild Umf. Selfoss

- Aðalstjórn felur framkvæmdastjóra að boða til stofnfundar lyftingadeildar með aðstoð forsvarsmanna verkefnisins.

4. Samningar við Sveitarfélagið Árborg

- Aðalstjórn Ungmennafélags Selfoss telur sig ekki geta skrifað undir framlengingu á þjónustusamningi við Sveitarfélagið Árborg til lengri tíma en eins árs þar sem ekki hefur farið fram endurskoðun á honum líkt og

kveðið var á um í bókun með samningi fyrir árið 2016. Eins og fram kom á fundi fulltrúa ungmennafélagsins með bæjarstjórn þann 1. desember sl. telur aðalstjórn að töluverða fjármuni vanti í rekstur félagsins sér í lagi til eflingar á afreksstarfi til að félagið sé samkeppnishæft við íþróttafélög sem við berum okkur saman við. Í ljósi þess að sú tillaga sem liggur fyrir um þriggja ára áætlun er ekki í samræmi við óskir og vonir félagsins liggur beinast við að skrifa undir eins árs samning og nýta fyrri hluta ársins 2017 til að endurskoða samning sem lagður verður til grundvallar í vinnu við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins á haustmánuðum.

- Til að mæta betur rekstri á afreksstarfi félagsins er lagt til að fyrir árið 2017 verði hækkaður styrkur vegna grunnkostnaðar sem og hvatastyrkir. Fyrir liggur að rekstur meistaraflokka stendur vart undir sér og erfitt er að skipuleggja starfið til framtíðar.
- Til að skrifa undir þriggja ára samning er mikilvægt að hann sé vel ásættanlegur fyrir báða aðila.

5. Símkkerfi fyrir Umf. Selfoss

- Framkvæmdastjóra falið að greina betur þarfir deilda og starfsfólks félagsins.

6. Úthlutun á barna og unglíngastyrk og Lottó

- Samþykkt var tillaga framkvæmdastjóra að úthlutun á annars vegar barna- og unglíngastyrk frá Sveitarfélaginu Árborg og hins vegar á tekjum af Lottó.

7. . Úthlutun á styrk vegna æfinga utan héraðs

- Samþykkt var tillaga framkvæmdastjóra að úthlutun á styrk frá Sveitarfélaginu Árborg vegna æfinga utan héraðs.
- Framkvæmdastjóra falið að vinna tölulegar upplýsingar um hlutfallslega þátttöku ungmenna á Selfossi í starfi Umf. Selfoss.

Fundi slitið klukkan 19:05.

Næsti fundur aðalstjórnar miðvikudaginn 11. janúar 2017 kl. 18:15-19:45 í Tíbrá.

Fundir aðalstjórnar starfsárið 2016-2017:

Miðvikudaginn 1. febrúar 2017 kl. 18:15-19:45 í Tíbrá.

Miðvikudaginn 1. mars 2017 kl. 18:15-19:45 í Tíbrá.

Miðvikudaginn 5. apríl 2017 kl. 18:15-19:45 í Tíbrá.